

ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2013



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2013

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727

Tölvupóstur: fme@fme.is

Veffang: www.fme.is

Ritstjórn:

Ragnar Hafliðason

Sigurður G. Valgeirsson

Hönnun & umbrot:

ENNEMM

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Prentun:

Svansprent

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
1 Verkefni Fjármálaeftirlitsins	10
1.1 Vettvangs- og verðbréfaeftirlit	10
1.2 Eftirlit	10
1.3 Greiningar	11
1.4 Fjölgun verkefna	12
1.5 Umbótaáætlun Fjármálaeftirlitsins	12
1.6 Rekstur og fjármál	14
2 Heilbrigði fjármálamarkaðarins	18
2.1 Lánamarkaður	18
2.2 Verðbréfamarkaður	20
2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir	23
2.4 Vátryggingamarkaður	26
3 Annáll ársins	30
3.1 Helstu atburðir júlí 2012 – apríl 2013	30
4 Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	36
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti	36
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	38



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2013 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. júlí 2012 til 30. apríl 2013 en skýrslan er nú í fyrsta sinn gefin út að vori í stað þess að vera gefin út í október eða nóvember. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins og þar á meðal frá umfangsmiklu umbótaverkefni. Fjallað er einnig um stöðu og þróun á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði árið 2012.

Í ársskýrslunni er að finna yfirlitstöflu yfir fjölda eftirlitsskyldra aðila í lok árs 2012. Skýrslan verður birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins www.fme.is. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2013: Aðalsteinn Leifsson, lektor, formaður stjórnar, Margrét Einarsdóttir, lektor, varaformaður stjórnar frá 22. apríl 2013, en hún sat sem varamaður í stjórn frá 1. júlí 2012 til 21. apríl 2013, og Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Halldór S. Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Ástríður Jóhannesdóttir, lögfræðingur, skipuð frá 22. apríl 2013 og Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2012 til 30. apríl 2013 hafa auk framangreindra setið í stjórn Fjármálaeftirlitsins: Valgerður Rún Benediktsdóttir, settur skrifstofustjóri, varaformaður stjórnar, skipuð tímabundið frá 1. júlí til 1. nóvember 2012.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjórnar sviða

Yfirlögfræðingur

Anna Mjöll Karlsdóttir

Eftirlit

Halldóra Elín Ólafsdóttir

Vettvangs- og verðbréfaeftirlit

Sigurveig Guðmundsdóttir

Starfandi framkvæmdastjóri greininga

Lilja Rut Kristófersdóttir

Rekstrarsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir

Upplýsingatæknisvið

Jón Andri Sigurðarson

Mannauðsstjóri

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir



Ávarp forstjóra



Það erfiða ástand sem ríkir á evrópskum fjármálamörkuðum hefur leitt til þess að í ríkara mæli er horft til eftirlitsaðila til að skapa stöðugleika og traust á mörkuðum. Svo langt er jafnvel gengið að væntingar virðast um að eftirlitsaðilinn geti séð fyrir ólíklegustu atvik í fjármálakerfinu og fyrirbyggt. Vara verður við því að ofmeta eftirlit að þessu leyti. Eins og nafnið ber með sér felst fjármálaeftirlit að miklu leyti í mati á því eftir á hvernig til hefur tekist við viðskiptaákvörðanir og hvort þær séu í samræmi við lög og aðrar leikreglur. Ítreka verður að það er ávallt mest um vert að þeir sem eru við stjórnvölinn í fyrirtækjunum taki sjálfir ábyrgar ákvörðanir sem byggjast á viðeigandi mati á áhættu og réttum upplýsingum. Í fullkomnum heimi er eftirlitið óþarft. Í okkar ófullkomna heimi er það eins konar öryggisventill ef til dæmis fyrirtæki hætta að fullnægja starfsleyfisskilyrðum eða beita þarf viðurlögum þegar lög hafa verið brotin. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er þó einnig leiðbeinandi, en það gefur út fjölmargar leiðbeiningar um starfshætti á markaði í formi reglna, leiðbeinandi tilmæla og túlkana.

Hvað einkennir markaðinn nú tæpum fimm árum eftir hrun meiri hluta fjármálakerfisins? Erum við á réttri leið? Við fjöllum um heilbrigði fjármálmarkaðarins í þessari ársskýrslu. Þar kemur fram að rekstur viðskiptabankanna gekk vel á síðasta ári og nam samanlagður hagnaður þeirra eftir skatta tæpum 66 milljörðum króna samanborið við 30 milljarða árið 2011. Eiginfjárlutföll þeirra eru einnig há í alþjóðlegum samanburði eða um 25% í árslok 2012. Lausafjárstaða þeirra er góð og eru um 17% af heildareignum þeirra skilgreind sem laust fé. Ákveðin atriði valda þó óvissu. Þar má nefna vafa um gæði útlánasafna, óróa á erlendum mörkuðum og óvissu sem tengist fyrirhuguðu afnámi fjármagnshafta. Þá eru ekki öll kurl komin til grafar varðandi útlán tengd erlendum myntum en dregið hefur úr óvissu sem þeim tengjast með þremur Hæstaréttardómum sem féllu á miðju ári 2012. Ennfremur er það áhyggjuefni að enn eru fjórtán slitastjórnir að störfum fyrir kröfuhafa gjaldþrota fjármálafyrirtækja. Þessi slitafyrirtæki eiga eignarhluti í starfandi fjármálafyrirtækjum sem ríkissjóður á jafnframt hlut í. Framundan er sölufurli þessara fjármálafyrirtækja. Mikilvægur þáttur í því að endurheimta fjárhagslegt heilbrigði er að því ferli verði lokið með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Velta dróst saman á skuldabréfamarkaði á síðasta ári. Hún jókst hins vegar á hlutabréfamarkaði með tilkomu nýrra fjárfestingamöguleika en á síðasta ári jókst fjöldi skráðra hlutafélaga nokkuð. Áætlað er að hrein eign íslenskra lífeyrissjóða og séreignarsparnaður hjá vörsluaðilum hafi aukist umtalsvert á síðastliðnu ári eða um 12% og að heildareignir hafi verið rúmlega 2.500 milljarðar króna við lok ársins 2012 samanborið við 2.230 milljarða króna við árslok 2011. Vegna takmarkana á erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða er ljóst að finna þarf fjárfestingaþörf sjóðanna farveg á innlendum

verðbréfa- og fasteignamarkaði. Árleg fjárfestingabörf sjóðanna nemur um 130 milljörðum króna, sem er umtalsvert fjármagn fyrir íslenska hagkerfið. Mikilvægt er að fjárfestingatækifæri séu næg svo ekki skapist ójafnvægi á markaðnum sem leitt gæti til bóllumyndunar.

Samanlagðar eignir allra váttryggingafélaganna hér á landi í lok ársins 2012 námu 155 milljörðum króna og hækkuðu um rúma níu milljarða króna frá fyrra ári. Rekstur skaðatryggingafélaga skilaði góðri afkomu á síðasta ári líkt og undanfarin ár. Rekstur líftryggingafélaga var stöðugur eins og verið hefur undanfarin ár. Öfugt við skaðatryggingafélögin hefur hagnaður þeirra þó dregist lítillega saman á milli ára.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með stöðu, rekstri og viðskiptaháttum 113 fyrirtækja með starfsleyfi á fjármálamarkaði auk 233 annarra aðila svo sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og útgefenda skráðra verðbréfa. Þetta hefur stundum verið nefnt eindareftirlit. Að auki eru þau sjónarmið ríkjandi að Fjármálaeftirlitinu beri í störfum sínum að stuðla að fjármálastöðugleika en nú liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um stofnun sérstaks Fjármálastöðugleikaráðs, sem Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, fjármálaráðherra og ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaða munu standa að verði frumvarpið að lögum.

Undanfarið hefur komið fram gagnrýni bæði í ræðu og riti á æ umfangsmeira regluverk og kröfur eftirlitsaðila um skýrsluskil og ýmsa tímafreka upplýsingagjöf. Hægt er að taka undir þessi sjónarmið að mörgu leyti. Þess vegna er nú unnið að því innan Fjármálaeftirlitsins að fara kerfisbundið yfir þau gögn sem eftirlitið krefur eftirlitsskylda aðila um, með það að markmiði að fækka þeim eftir föngum, tryggja gæði þeirra upplýsinga sem aflað er og ná því markmiði að gögnum verði skilað „úr vél í vél“ eins og það hefur verið kallað innan stofnunarinnar. Þessar endurbætur, sem eru hluti af umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins sem nánar er lýst í þessari ársskýrslu, eru einnig mikilvægar vegna þátttöku okkar sem áheyrnarfulltrúa hjá evrópsku eftirlitsstofnununum þremur, EBA, EIOPA og ESMA.

Þessi skýrsla lýsir stöðu fjármálamarkaðarins í lok almanaksársins 2012. Í henni er einnig að finna lýsingu á verkefnum Fjármálaeftirlitsins, rekstri þess og fjármálum. Enn fremur er, eins og nefnt er hér að framan, sagt frá umbótaáætlun stofnunarinnar sem er umfangsmikil og metnaðarfull. Þá er í skýrslunni annáll ársins, þar sem farið er yfir helstu fréttir auk þess sem birt er yfirlit yfir fjölda aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfsemi erlendra aðila hér á landi.

Það er von okkar að skýrslan sýni með glöggum hætti að innan Fjármálaeftirlitsins er unnið á mörgum vígstöðvum og af miklum metnaði að því að stofnunin styðji og styrki íslenskan fjármálamarkað jafnframt því að veita honum heilbriggt og nauðsynlegt aðhald.

Þetta er fyrsta ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins sem gefin er út að vori en liðnir eru réttir sex mánuðir síðan síðasta skýrsla kom út. Er gert ráð fyrir að ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins komi framvegis út í sumarbyrjun.

Rannsóknnum Fjármálaeftirlitsins á málum tengdum bankahruninu lokið

Rannsóknnum Fjármálaeftirlitsins á aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 sem hófust strax í kjölfar falls stóru viðskiptabankanna lauk í febrúar 2013. Alls lauk Fjármálaeftirlitið rannsóknnum á 205 málum. Þar af voru 66 mál tengd aðdraganda hrunsins kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt var 37 málum þar sem um var að ræða meint brot á almennum hegningarlögum vísað til embættis sérstaks saksóknara. Samtals voru þessi mál 103.

	Fjöldi mála
Mál kærð til ESS	66
Málum vísað til ESS	37
Stjórnvaldssekt	4
Málum lokið án frekari aðgerða	98
Alls mál	205

Þess voru dæmi að einstök kærð mál innihéldu brot á mörgum mismunandi greinum laga um verðbréfavíðskipti og fjármálafyrirtæki. Jafnframt fylgdi mörgum kærðum vísun á meintum umboðssvikum. Fjöldi meintra brota var því hærri en fjöldi kærðra og vísaðra mála.

Rannsóknir leiddu í ljós meint brot innan fjölda flokka efnahagsbrota. Þar bar hæst markaðsmisnotkun, brot er vörðuðu stórar áhættuskuldbindingar, innherjasvik og umboðssvik. Umfangsmestu málin tengdust meintri markaðsmisnotkun og umboðssvikum. Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því við lok rannsókna að brot er vörðuðu stórar áhættuskuldbindingar gætu einnig verið mjög umfangsmikil, tengst verulega háum fjárhæðum og þar með stuðlað að því að grafa undan fjármálalegum stöðugleika bankakerfisins. Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir dæmi um skiptingu brota en það er ekki tæmandi.

	Dæmi um skiptingu brota
Markaðsmisnotkun	18
Innherjaviðskipti	22
Umboðssvik	47
Stórar áhættuskuldbindingar	6
Lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða	6
Önnur brot á lögum um fjármálafyrirtæki	9
Önnur brot á lögum um verðbréfavíðskipti	3
Lög um verðbréfasjóði og fl.	3
Lög um váttryggingafélög	2

Allt að 15 sérfræðingar unnu samtímis að rannsóknnum innan Fjármálaeftirlitsins. Þeir voru með menntun í viðskiptafræði, lögfræði, verkfræði og hagfræði. Rannsóknnum var skipt upp í tvö teymi og sérstaklega var gætt að hæfi starfsmanna.

Rannsóknahóparnir lögðu ríka áherslu á að mál væru unnin af heilindum og fagmennsku. Rannsakendur höfðu það að leiðarljósi að afla nægjanlegra gagna til að varpa sem skýrustu ljósi á þá atburðarás sem verið var að rannsaka og byggðu ákvörðun um niðurstöðu máls á gögnum þess.

1. Verkefni Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur nú í á annað ár starfað samkvæmt nýju verkefna- og ferlamiðuðu skipulagi sem starfar þvert á markaði andstætt fyrra skipulagi þar sem tekið var mið af skiptingu fjármálamarkaðarins. Markmið breytinganna var að auka skilvirkni og samhæfingu í starfseminni ásamt því að auka sveigjanleika og hámarka nýtingu mannauðs.

Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins nefnast: vettvangs- og verðbréfaeftirlit, eftirlit og greiningar. Auk þessara þriggja eftirlitssviða eru þrjú stöðsvið: mannauður, rekstur og upplýsingatækni og enn fremur svið yfirlögfræðings og skrifstofa forstjóra.

1.1 Vettvangs- og verðbréfaeftirlit

Verkefni vettvangs- og verðbréfaeftirlits greinast í vettvangseftirlit, verðbréfamarkaðseftirlit og frumrannsóknir efnahagsbrota. Sviðið sér um að gera vettvangsathuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila sem beinast að öllum þáttum í starfsemi þeirra. Verðbréfamarkaðseftirlit hefur eftirlit með viðskiptum og starfsemi á verðbréfamarkaði. Í því felst meðal annars eftirlit með fjárfestavernd, upplýsingaskyldu útgefenda, yfirtökuskyldu, markaðsmisnotkun, innherjasvikum, meðferð innherjaupplýsinga, yfirferð og staðfesting lýsinga útgefenda og fleira. Skráðum félögum á markaði fækkaði mikið eftir bankahrunið 2008 en sú þróun hefur snúist við að undanförunu. Reiknað er með fjölda nýrra skráninga á næstu misserum.

Rannsóknir á málum sem tengdust hrúni fjármálamarkaðarins fóru fram á vegum vettvangs- og verðbréfaeftirlits. Þeim lauk í ársbyrjun 2013 en alls voru rannsökuð 205 mál. Aukin vitund markaðarins og almennings hefur orðið til þess að tilkynningum til Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað. Áfram verður, í samræmi við lögbundið hlutverk Fjármálaeftirlitsins, starfrækt eining innan stofnunarinnar sem sinnir rannsóknum af þessu tagi og starfar hún innan þessa sviðs.

Hluti þeirra starfsmanna sem vann að rannsóknum fluttist um set innan sviðsins og gekk til liðs við öflugan hóp vettvangsathugana. Innan vettvangseftirlits starfar nú fólk með reynslu af úttektum, rannsóknum, bankastörfum og eftirlitsstörfum. Eftirlitsskyldir aðilar starfa eftir mismunandi lögum og því reynir á víðtæka þekkingu hópsins á starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Vettvangseftirliti er ætlað að kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar starfi samkvæmt lögum og reglum og í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti ásamt því að staðfesta sannleiksgildi þeirra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitinu berast frá þeim með reglulegum skýrsluskilum.

Mikil þekking og reynsla hvað varðar rannsóknir á efnahagsbrotum byggðist upp innan Fjármálaeftirlitsins í tengslum við rannsóknirnar og er stofnunin því vel í stakk búin til að takast á við krefjandi verkefni á því sviði í framtíðinni.

1.2 Eftirlit

Eftirlit er stærsta svið Fjármálaeftirlitsins en starfsemi sviðsins lýtur að reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum. Sviðið skiptist í fjárhagslegt eftirlit, lagalegt eftirlit og sértæk lagaleg málefni.

Fjárhagslegt eftirlit sinnir eftirliti með fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum og váttryggingafélögum. Hlutverk hópsins er að hafa yfirsýn yfir áhættur og stöðu hvers og eins eftirlitsskylds aðila. Verkefni starfsmanna snúa m.a. að yfirferð á skýrslum, sértækum athugunum og mati á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjórum. Tilnefndir eru sérstakir ábyrgðarmenn með öllum eftirlitsskyldum aðilum sem eru megingengiliðir á milli þeirra og stofnunarinnar. Þá koma starfsmenn hópsins einnig að óreglubundnum athugunum, svo sem útlánaathugunum, og taka þátt í vettvangsathugunum.

Lagalegt eftirlit sér um afgreiðslu starfsleyfisumsókna, tilkynninga um virka eignarhluti, beiðni um samþykki fyrir samruna og yfirfærslu rekstrarhluta, beiðni um samþykki á reglubreytingum, staðfestingu

útvistunarsamninga og fleira.

Starfshópur um sértæk lagaleg málefni var settur á fót til að mæta þeim miklu kröfum sem gerðar eru til Fjármálaeftirlitsins varðandi innleiðingu tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Þá hefur orðið mikil fjölgun lagaákvæða sem leggja skyldur á Fjármálaeftirlitið að gefa út reglur um fjölmörg málefni. Hópurinn sinnir jafnframt verkefnum sem snúa að neytendavernd á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í umfjöllun um neytendavernd á Evrópuvettvangi. Sú umræða beinist að því að stuðla að gagnsæi, einfaldleika og sanngirni gagnvart neytendum á fjármálamarkaði. Vænta má nánari reglna um þetta efni í náninni framtíð. Samvinna á Evrópuvettvangi leiðir oft til lagabreytinga eða reglusetninga í tengslum við innleiðingu tilskipana.

1.3 Greiningar

Hlutverk greiningasviðs er að áhættumeta einstaka geira fjármálakerfisins og markaðinn sem heild, fylgjast með þróun áhættu, gera tillögur að áherslum í eftirliti út frá áhættumati og meta þörf fyrir möguleg inngríp Fjármálaeftirlitsins. Þá leiðir greiningasviðið umbótaverkefni um innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits og bætt gagnaskil. Greiningasvið er leiðandi í SREP ferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process) fyrir banka og sparisjóði sem hefur það að markmiði að ákveða hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtæki þarf að binda til að mæta áhættum sínum. Greiningasviðið vinnur einnig að undirbúningi á innleiðingu Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins sem mun gjörbreyta starfsumhverfi váttryggingafélaga. Innleiðingin á Solvency II hefur í för með sér breytingar á tilhögun eftirlits og miðla þarf upplýsingum um breytingarnar til váttryggingafélaga. Greiningasvið sinnir útgáfu tölulegs efnis og ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamnings við Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðlagaáætlun.

Innleiðing tilskipana

Fjármálaeftirlitið gegnir bæði hlutverki eftirlits- og reglusetningaraðila. Vegna aðildar að EES-samningnum ber Íslandi að taka upp í íslenskan rétt efni tilskipana, reglugerða og tæknistaðla varðandi fjármálamarkaðinn sem samþykktar eru á vettvangi Evrópusambandsins. Þessi krafa er óháð fjölda eftirlitsskyldra aðila eða stærð fjármálamarkaðarins. Fjármálaeftirlitinu hefur í lögum verið falið umfangsmikið hlutverk við setningu reglna af þessu tagi auk þess sem leitað er til stofnunarinnar um þátttöku í þróun löggjafar á sviði fjármálaþjónustu. Í kjölfar efnahagsþrenginga hefur Evrópulöggjöfin orðið æ umfangsmeiri og flóknari sem hefur í för með sér meiri vinnu fyrir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins við annars vegar innleiðingu og hins vegar kynningu og leiðbeiningar fyrir markaðinn.

Um þessar mundir vinnur Fjármálaeftirlitið að undirbúningi á innleiðingu Solvency II tilskipunar¹ Evrópusambandsins sem mun gjörbreyta starfsumhverfi váttryggingafélaga. Þá undirbýr Fjármálaeftirlitið innleiðingu á CRD IV tilskipun² og CRR reglugerð³ sem mun hafa umfangsmiklar breytingar á löggjöf og eftirliti með fjármálafyrirtækjum í för með sér. Innleiðing tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD)⁴ mun einnig leiða til aukinna verkefna. Þá eru fyrirbyggjandi umfangsmiklar breytingar á verðbréfamarkaði með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins um skortsölu og breytingar á grunnnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta. Vegna nýrra laga um greiðsluþjónustu og meðferð og útgáfu rafeyris er þörf á að setja frekari reglur þar um. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði ekki lokið fyrir en á árinu 2014.

1 DIRECTIVE 2009/138/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 25 November 2009 on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance (Solvency II)

2 DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate.

3 REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on prudential requirements for credit institutions and investment firms.

4 DIRECTIVE 2011/61/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 8 June 2011 on Alternative Investment Fund Managers and

1.4 Fjölgun verkefna

Verkefnum Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað töluvert frá efnahagshruni. Meðal nýrra verkefna má nefna eftirlit með innheimtustofnunum, greiðslustofnunum og fagfjárfestasjóðum, tímabundið eftirlit með slitastjórnnum, aukið eftirlit með Íbúðalánasjóði og fram til loka árs 2012 rannsóknir á föllnum fjármálafyrirtækjum. Í lok árs 2011 fluttist jafnframt yfirferð og staðfesting lýsinga útgefenda frá Kauphöll til Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa auknar skyldur lagst á Fjármálaeftirlitið í formi eftirlitsheimilda vegna breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og stofnunin hefur fengið aukið hlutverk við mat á kerfislegum áhættum og fjármálastöðugleika. Í samræmi við stefnu stofnunarinnar hefur aukin áhersla verið lögð á upplýsingamiðlun og þátttöku í opinberri umræðu um málefni fjármálamarkaðarins. Í því skyni hefur Fjármálaeftirlitið m.a. hafið útgáfu vefritsins „Fjármál“, fjölgað fjölmiðlafundum og gefið út tilkynningar og kynningarefni til almennings um einkenni og þróun fjármálamarkaðarins.


1.5 Umbótaáætlun Fjármálaeftirlitsins

Megin áherslur í innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins byggja á aðgerðaáætlun sem samþykkt var af stjórn Fjármálaeftirlitsins á seinni hluta ársins 2011. Umbótaverkefni eru fjögur og er áætlað að þau verði unnin á næstu þremur árum. Verkefni eru að hluta fjármögnuð með svonefndum IPA styrk frá Evrópusambandinu (e. Instrument for Pre-accession Assistance eða fjármögnunarleið við foraðildarstuðning) sem samþykkt var að veita stofnuninni í mars 2013. Um er að ræða umfangsmikil verkefni sem munu hafa mikil áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Við undirbúning þessara verkefna hafa starfsmenn Fjármálaeftirlitsins nýtt sér tæknilega aðstoð sem stendur umsóknarríkjum að Evrópusambandinu til boða og kallast TAIE⁵ (e. Technical Assistance Information Exchange office). Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa meðal annars farið í heimsóknir til erlendra fjármálaeftirlita til að afla sér þekkingar á sviði áhættumiðaðs eftirlits og mannauðsstjórnunar. Fyrirhugað er að sækja um frekari aðstoð á næstu misserum.

Í upphafi árs 2012 var stofnaður stýrihópur sem ber ábyrgð á framkvæmd umbótaverkefna ásamt verkefnastjóra. Mikil áhersla hefur verið lögð á framvindu þessara verkefna sem hafa það sameiginlega markmið að hámarka nýtingu fjármuna og mannafla stofnunarinnar á sem skilvirkastan hátt. Áætlað er að þeim verði að mestu lokið í árslok 2015.

Megin tilgangur áætlunarinnar er að koma á umbótum í starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem felast í innleiðingu verkefna- og ferlamiðaðs skipulags, uppbyggingu áhættumiðaðs eftirlits, þjálfun og þróun mannauðs og endurskipulagningu gagnaskila frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins. Nánar er fjallað um verkefni hér á eftir.

⁵ TAIEX er aðstoð í formi yfirfærslu á þekkingu og ráðgjöf þar sem sérfræðingar frá stjórnsýslu aðildarríkja ESB veita aðildar- og umsóknarríkjum aðstoð við að búa sig undir þær skuldbindingar sem aðild felur í sér. Aðstoðin er aðgengileg á meðan umsóknarferlinu stendur.



Samræmt verklag

Verkefnið felur í sér að móta, innleiða og festa í sessi ferlaskipulag og skjalfest verklag í allri starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að stofnunin geti ávallt sinnt eftirlitshlutverki sínu og öðrum lögbundnum hlutverkum á faglegan, virkan og árangursríkan hátt. Markmiðið er að samræma verklag við framkvæmd eftirlits og að tryggja samræmi og rekjanleika í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hluti verkefnisins felur einnig í sér áform Fjármálaeftirlitsins um að uppfylla skilyrði alþjóðlegra kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit (e. Basel Core Principles for Effective Banking Supervision).

Áhættumiðað eftirlit

Tilgangur verkefnisins er að móta, innleiða og festa í sessi áhættumiðað eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og reglubundið áhættumat á íslensku fjármálakerfi. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum verði forgangsraðað og það skipulagt í samræmi við metna áhættu og mikilvægi fyrir fjármálalegan stöðuleika og neytendur. Með þessu má vænta betri nýtingar mannafla og fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Umbætur í mannauðsmálum

Markmið umbóta í mannauðsmálum er að styðja markvisst við starfsemi Fjármálaeftirlitsins með það fyrir augum að allir starfsmenn þekki hlutverk sitt, hafi góða þekkingu á viðfangsefninu og séu vel þjálfðir í þeirri aðferðafræði sem er beitt í verkefna-, ferla-, umbóta- og áhættumiððu eftirliti. Ávinningurinn er aukin fagmennska í vinnubrögðum, skilvirkni og starfsánægja starfsmanna.

Gagnaskil

Tilgangur verkefnisins er að skilgreina ferli gagnaskila, bæta gagnagæði og samræmi í nýtingu þeirra gagna sem safnað er. Jafnframt að auka skilvirkni í eftirliti með betri greiningum byggðum á réttari gögnum. Markmið verkefnis er að gera ferlið markvissara og skilvirkara og færast frá skýrsluskilum yfir í rafræn gagnaskil. Það leiðir af sér aukið hagræði og sparnað fyrir eftirlitsskylda aðila og stofnunina.

1.6 Rekstur og fjármál

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Í rekstraráætlun stofnunarinnar skal hverju sinni lagt mat á hlutfallsskiptingu kostnaðarins á undangengnu þriggja ára tímabili milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Þetta mat, sem byggir á upplýsingum úr tímaskráningarkerfi stofnunarinnar, er einnig almennt upplýsandi um starfsemina. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2011 og 2012:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila *)	2011 %	2012 %
Lánastofnanir	52,7	56,7
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	13,5	8,1
Lífeyrissjóðir	13,9	18,8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8,9	8,5
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	3,1	3,6
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	5,4	2,6
Ýmsir aðilar	2,5	1,7
Samtals	100	100

*) Vinna við rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum er ekki meðtalin í þessari flokkun.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunar tímans á árunum 2011 og 2012 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2011 %	2012 %
Eftirlitsverkefni	66,9	64,8
viðvarandi fjárhagslegt eftirlit (e. off-site)	17,5	22,2
vettvangsathuganir (e. on-site)	3,2	8,1
önnur eftirlitsmál	46,2	34,5
Reglusetning	2,7	4,1
Stjórnun og almennur rekstur	27,4	29,3
Erlent samstarf/samskipti	3,0	1,8
Samtals	100,0	100,0

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt af ýmsum toga sem að mestu byggist á reglubundinni upplýsingasöfnun eða skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Einnig falla þarna undir ýmsar sértækar skoðanir er varða starfsemi, viðskiptahætti og starfsreglur eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við eftirlitsverkefni sem hafin eru með sérstökum eftirlitsheimsóknum. Undir liðinn önnur eftirlitsmál í töflunni fellur svo vinna við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, upplýsingamiðlun, fyrirspurnir og fleira. Þar undir fellur einnig að mestu vinna við rannsóknir sem tengjast bankahruninu. Með almennum rekstri er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

Rekstur á árinu 2012 og áætlaður rekstur á árinu 2013

Staðfestur ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012 lá ekki fyrir við frágang ársskýrslunnar. Fyrirliggjandi drög að ársreikningi sýna hins vegar að gjöld að meðtöldum eignakaupum á árinu 2012 námu alls 1.745,5 milljónir króna og tekjur að meðtöldum fjármunatekjum námu alls 1.966,2 milljónum króna en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.879,8 milljónir króna. Til tekna er þar að auki fært sérstakt 68 milljóna króna ríkisframlag sem tengist ráðstöfunum Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins á grundvelli neyðarlaganna. Samkvæmt framangreindu varð því 288,7 milljóna króna tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2012. Tekjuafgangurinn stafar bæði af lægri rekstarkostnaði en áætlun gerði ráð fyrir sem og hærri sértekjum og tekjum af eftirlitsgjaldi. Þá hefur framangreint sérstakt ríkisframlag þar einnig áhrif. Eigið fé í árslok 2012 er því 622,9 milljónir króna en í ársbyrjun var eigið fé 334,2 milljónir króna. Eigið fé í lok árs kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að mynda varasjóð innan ákveðinna marka samkvæmt lögum. Varasjóður reiknaður samkvæmt þessari heimild nam 38,3 milljónum króna af eigin fé í árslok 2012. Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012 verður birtur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins um leið og hann hefur verið staðfestur. Þar er einnig að finna ársreikninga stofnunarinnar vegna fyrri ára.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2013 var samþykkt á Alþingi í desember 2012 með lögfestingu frumvarps atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra til breytinga á lögum um álagningu eftirlitsgjalds, þ.e. lögum nr. 132/2012. Rekstraráætlunin er aðgengileg á heimasíðu Alþingis sem fylgiskjal með umræddu frumvarpi.

Alþjóðlegt samstarf

Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í alþjóðlegu samstarfi er mikilvægur hluti af starfsemi stofnunarinnar. Samstarfið felst meðal annars í þátttöku í nefndum hjá þeim stofnunum og samtökum sem eftirlitið er aðili að. Með slíkri þátttöku gefst tækifæri til að fylgjast með undirbúningi nýmæla í regluverki og eftirlitsaðferðum, einkum á vettvangi stofnana Evrópusambandsins. Þekkingaröflun og tengsl sem skapast með slíkri þátttöku auðveldar vinnu við innleiðingu reglna hér á landi og samræmingu eftirlitsaðferða. Þátttaka í erlendu samstarfi skapar einnig tækifæri til að miðla upplýsingum um reynslu af eftirliti með fjármálamarkaði hér á landi.

Fjármálaeftirlitið er áheyrnaraðili (e. observer) að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins er fjalla um verðbréfamarkað (ESMA – European Securities and Markets Authority), lánamarkað (EBA – European Banking Authority) og váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkað (EIOPA – European Insurance and Occupational Pensions Authority). Þá er Fjármálaeftirlitið þátttakandi í vinnuhópi á vegum EFTA um fjármálaþjónustu.

Fjármálaeftirlitið á einnig reglubundin samskipti við eftirlitsstofnanir á Norðurlöndum um ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi og samþættingu eftirlits. Í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum hefur verið stofnað til aukins samstarfs fjármálaeftirlita og seðlabanka innan Evrópu, og meðal Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sérstaklega, til að stuðla að fjármálastöðugleika.

Umbætur á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi

Í mars 2012 gaf efnahags- og viðskiptaráðherra út skýrslu undir heitinu Framtíðarskipan fjármálakerfisins og á sama tíma var skipuð þriggja manna nefnd sérfræðinga, G3, sem samanstóð af Jóni Sigurðssyni, Gavin Bingham og Kaarlo Jännäri. G3 hafði það hlutverk að skoða regluverk og tilhögun fjármálaeftirlits hér á landi og alþjóðlega reynslu og framvindu á þessu sviði með það í huga hvernig best væri að bæta úr þeim göllum á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi sem komið höfðu í ljós í fjármálakreppunni. Niðurstöður sérfræðinganeftindarinnar voru settar fram í skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi (e. Framework for Financial Stability in Iceland) sem kom út í október 2012. Í skýrslunni eru gerðar margvíslegar tillögur um lagabætur til að stuðla að stöðugleika og hagkvæmni í fjármálakerfinu og gera það einfaldara og skilvirkara. Í kjölfar skýrslunnar skipaði fjármála- og efnahagsráðherra nefnd til að fjalla sérstaklega um þær tillögur hópsins sem varða fjármálastöðugleika. Sú nefnd vann að frumvarpi til laga um stofnun Fjármálastöðugleikaráðs. Tillögur nefndarinnar lúta jafnframt að því að Fjármálaeftirlitinu beri í störfum sínum að stuðla að fjármálastöðugleika og að auknu samstarfi við Seðlabanka Íslands á því sviði. Þá hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipað tvær nefndir til að fylgja tillögum G3 hópsins eftir. Annars vegar nefnd sem semja á frumvarpsdrög um skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja, eiginfjáarkvaðir fjármálafyrirtækja, millibankaviðskipti og samspil innstæðutryggingakerfis og hugmynda um sérstakan skilasjóð. Hins vegar nefnd sem falið hefur verið að semja frumvarp til laga um veitingu lána sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.




2 Heilbrigði fjármálamarkaðarins

2.1 Lánamarkaður

Í árslok 2012 voru starfandi 4 viðskiptabankar, 9 sparisjóðir og 6 lánaþyriræki auk Íbúðalánasjóðs eða samtals 20 lánastofnanir. Á árinu fækkaði lánastofnunum um 4, sbr. ennfremur töfluyfirlit aftast í ársskýrslunni.

Mynd: Hlutfallsleg skipting heildareigna lánastofnana



Viðskiptabankarnir hafa starfað í vernduðu umhverfi innan fjármagnshafta frá hausti 2008. Rekstur bankanna gekk vel á sl. ári og nam samanlagður hagnaður þeirra eftir skatta tæpum 66 milljörðum króna samanborið við 30 milljarða króna árið áður. Í alþjóðlegum samanburði eru eiginfjárlutföll þeirra há eða um 25% að meðaltali í árslok 2012, þar af er eignfjárlutfall A (e. Tier I) 22,2%. Eiginfjárgrunnur nemur samtals 553 milljörðum króna og heildareignir bankanna 2.878 milljarðar króna og hafa þær lítið breyst frá fyrra ári. Stærð bankakerfisins nemur nú um 170% af landsframleiðslu. Lausafjárstaða bankanna er góð og eru um 17% af heildareignum bankanna skilgreind sem laust fé.

Þrátt fyrir sterka eigin- og lausafjárstöðu eru ákveðin atriði sem valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu bankanna á komandi misserum. Þar ber helst að nefna óvissu um gæði útlánasafna, lagalega óvissu hvað varðar útlán tengd erlendum myntum, sem fer að vísu minnkandi eins og fram kemur hér að aftan, fjármögnun í erlendum myntum til lengri tíma, óróa á erlendum mörkuðum og óvissu sem tengist fyrirhuguðu afnámi gjaldeyrishafta, en í því sambandi eru áformaðir nauðasamningar vegna föllnu bankanna þriggja og eru möguleg áhrif þeirra á fjármálastöðugleika verulegur áhættuþáttur.

Á miðju ári 2012 féllu þrjár dómur í Hæstarétti þar sem lögmæti lánasamninga var staðfest. Að mati Fjármálaeftirlitsins er fordæmisgildi dómanna töluvert og leiðir til minni óvissu um áhrif á eiginfjárstöðu bankanna. Tekið er á þeirri óvissu sem enn er til staðar með hærri eiginfjárkröfum á bankana.

Heldur hægðist á efnahagsbatanum á síðasta ári. Landsframleiðsla jókst um 1,6% samanborið við 2,9% aukningu árið þar á undan. Hægt hefur á kaupmáttaraukningu, raunhækkun íbúðaverðs og vexti einkaneyslu. Dregið hefur úr atvinnuleysi en hægar en spár höfðu gert ráð fyrir. Allir þessir þættir hafa áhrif á rekstrarumhverfi viðskiptabankanna.

Skuldastaða fyrirtækja og heimila hefur batnað. Þetta endurspeglast í lægri vanskilahlutföllum⁶ og hafa þau ekki verið lægri frá stofnun viðskiptabankanna þriggja haustið 2008. Vanskil voru að meðaltali um 8% samkvæmt ársuppgjörum 2012 en 13% árið áður. Þrátt fyrir lækkingu vanskila eru þau enn há í alþjóðlegum samanburði. Enn er því mikið verk óunnið við endurskipulagningu skulda fyrirtækja og heimila og einnig ríkir óvissa um varanleika þeirrar endurskipulagningar sem þegar hefur átt sér stað.

Arðsemi eigin fjár viðskiptabankanna nam að meðaltali 13,9% árið 2012 og arðsemi heildareigna var 2,3% sem er nokkur hækkun frá fyrra ári. Arðsemi af grunnrekstri⁷ hefur lækkað og var hún að meðaltali 10,7% af eigin fé og 1,8% af heildareignum samkvæmt ársuppgjörum 2012, samanborið við 11,6% og 1,8% árið áður.

⁶ Með vanskilum er hér átt við vanskil á einstökum lánum viðskiptamanns (e. facility based).

⁷ Skilgreining á grunnrekstri: Hreinar vaxta-, þjónustu- og þóknatekjur, laun og launatengd gjöld, stjórnumarkostnaður og afskriftir fastafjármuna og óefnislegra eigna.


Vaxtamunur bankanna var að meðaltali 3,5% á árinu 2012. Vaxtamunurinn hefur verið mismunandi milli bankanna, sbr. mynd, sem stafar annars vegar af mismunandi aðferðum við tekjufærslu affalla af keyptum lánasöfnum af gömlu bönkunum og hins vegar af mismunandi samsetningu eigna og skulda. Eftir að tekjufærslu affalla lýkur má búast við minni mun milli bankanna og að vaxtamunurinn verði um 3% að meðaltali. Vaxtamunur bankanna telst hár í erlendum samanburði⁸ sbr. mynd. Eitt af því sem skiptir máli varðandi háan vaxtamun í samanburði við erlenda banka er stærðarhagkvæmni sem ekki næst fram á litlum markaði eins og á Íslandi. Þá kann einnig að skipta máli að í vaxtamuninum hjá íslensku bönkunum er innifalin tiltekin þjónusta sem er sérgreind sem þóknatekjur hjá erlendum aðilum. Auk þess er samkeppnisstaða bankanna mjög ólík því sem er hjá erlendum bönkunum.

Kostnaðarhlutföll eru há hjá íslensku bönkunum í alþjóðlegum samanburði⁸ sbr. mynd. Kostnaður af grunnrekstri sem hlutfall af eignum jókst á milli ára. Helstu skýringar aukins rekstrarkostnaðar eru endurskipulagning útlána, hækkun launakostnaðar umfram samningsbundnar launahækkunar, margvíslegur kostnaður tengdur samrunum við önnur fjármálafyrirtæki og ýmsar opinberar álögur. Ljóst er að framundan er óhjákvæmilegt kostnaðaraðhald hjá bönkunum.

Staða Íbúðalánasjóðs er áhyggjuefni, en eiginfjárhlutfall sjóðsins hefur farið lækkandi á undanförunum misserum og býr hann við verulega uppgreiðsluáhættu, einkum í núverandi vaxtaumhverfi. Vandí sjóðsins er verulegur og mikilvægt að hann verði leystur til frambúðar.


Á árinu 2012 nam hagnaður níu sparísjóða 363 milljónum króna en að frádregnum óreglulegum tekjulíðum var hagnaður óverulegur. Bókfært eigið fé sparísjóðanna í árslok nam 4,4 milljörðum króna og heildareignir 56,5 milljörðum króna. Staða sparísjóðanna er sem fyrr viðkvæm.

Mynd: Vaxtamunur – samanburður við erlenda banka.⁸



⁸ Miðað er við árslok 2012 hjá íslensku bönkunum og árslok 2011 hjá erlendu bönkunum.

Mynd: Kostnaðarhlutföll – samanburður við erlenda banka.⁹



2.2 Verðbréfamarkaður

Þróun á verðbréfamarkaði

Uppbygging hlutabréfamarkaðar hélt áfram á árinu 2012, en velta dróst saman á skuldabréfamarkaði. Velta jókst á hlutabréfamarkaði með tilkomu nýrra fjárfestingamöguleika en á síðasta ári jókst fjöldi skráðra hlutafélaga nokkuð. Hafa verður í huga að fjárfestingakostir eru takmarkaðri en ella á meðan fjármagnshöft eru í gildi og því hætta á myndun eignabólu.

Þróun á hlutabréfamarkaði

Velta hlutabréfa jókst um 29,3% milli árana 2011 og 2012, úr 68,4 milljörðum króna í tæplega 88,5 milljarða, og hefur haldið áfram að aukast það sem af er árinu 2013. Aukin velta skýrist meðal annars af skráningu nýrra félaga á markað en bréf Haga hf. voru tekin til viðskipta í lok árs 2011 og bréf félaganna Regins hf., Eimskips hf. og Fjarskipta hf. á árinu 2012. Þrátt fyrir áframhaldandi veltuaukningu hlutabréfa miðað við síðustu ár er veltan þó enn nokkuð lág í sögulegu samhengi og lítill seljanleiki hefur oft en ekki valdið skörpum verðbreytingum á hlutabréfaverði.

Úrvalsvísitalan OMXI6 hækkaði skarpt fyrri hluta ársins 2012, náði hággildi ársins, 1092 stigum, í byrjun maí og hafði þá hækkað um 20% frá áramótum. Í kjölfarið fylgdi u.þ.b. 12% lækkun uns tímabundnu lággildi var náð í tæplega 960 stigum fyrri hluta nóvembermánaðar. Þá tók við hækkunarfasi til áramóta og stóð vísitalan í 1059 stigum í lok árs. Hækkun ársins (frá upphafi til loka árs) nam 16,5% og markaði viðsnúning frá fyrra ári er vísitalan lækkaði um 2,6%, en vísitalan var í 910 stigum í ársbyrjun. Markaðsvirði skráðra félaga í kauphöllinni í árslok 2012 var um 396 milljarðar króna samanborið við 278 milljarða í ársbyrjun.

⁹ Miðað er við árslok 2012 hjá íslensku bönkunum og árslok 2011 hjá erlendu bönkunum.

Í ársbyrjun 2013 voru 15 félög skráð á markað í kauphöllinni, 11 á aðallista og fjögur á First North. Eins og áður sagði voru þrjú félög nýskráð í Kauphöllina á árinu. Var þeim öllum vel tekið, umframtirspurn var í öllum þremur útboðunum og hafa bréf allra félaganna hækkað umtalsvert frá útboðsverði. Enn er reiknað með að fjárfestingarkostum fjölgi á næsta ári en fjöldi félaga í mismunandi geirum hefur ýmist gefið til kynna að þau hyggi á skráningu eða hafa verið orðuð við skráningu. Ætla má að tilkoma þeirra á markað verði kærkomin viðbót fyrir fjárfesta, sem búa við takmarkaða fjárfestingakosti sökum fjármagnshatta, og muni gera þeim kleift að auka áhættudreifingu í safni sínu.

Aukning hefur orðið í skuldsettum hlutabréfakaupum og virðist sem sumir markaðsþátttakendur telji fjárfestingu í hlutfjárútboði bjóða örugga ávöxtun. Þó allar nýskráningar til þessa hafi skilað jákvæðri ávöxtun er vert að hafa í huga að fjárfestingu í hlutabréfum fylgir umtalsverð áhætta.

Mynd: Þróun úrvalsvisitölu NASDAQ OMXI6




Þróun á skuldabréfamarkaði


Ólíkt hlutabréfamarkaði þar sem velta jókst þá dróst ársvelta skuldabréfamarkaðar saman um 10,7% árið 2012. Fyrri hluta ársins var meðalmánaðarvelta einhver sú mesta sem sést hafði frá 2008, eða tæpir 242 milljarðar. Á síðari hluta ársins dróst meðalmánaðarveltan saman um tæp 40% í 146 milljarða og reyndist því aðeins tæpir 194 milljarðar fyrir árið þegar upp var staðið. Eins og fyrri ár var mest velta á árinu með flokka óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, eða rúm 60% af heildarveltu allra skráðra skuldabréfa á markaði. Heildarmarkaðsverðmæti skráðra skuldabréfa í kauphöllinni í árslok 2012 var 1.866 milljarðar króna og hafði aukist um 39 milljarða á árinu. Markaðsverðmætið skiptist þannig að um það bil 14% skráðra skuldabréfa eru gefin út af einkaaðilum en 86% af opinberum aðilum.

Árið 2012 lækkaði ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skammtímaskuldabréfa á bilinu 22-48 punkta en hækkaði á þeim lengri um 6-25 punkta. Krafa verðtryggðra 10 ára bréfa mæld samkvæmt OMXI10YI vísitölu sveiflaðist á um það bil 50 punkta bili innan ársins en endaði því sem næst óbreytt þegar upp var staðið á meðan krafa verðtryggðra 5 ára bréfa, OMXI5YI, hækkaði skarpt á fyrri hluta ársins, um það bil 88 punkta, en gaf síðan eftir á síðari hlutanum og var í árslok 73 punktum hærri.

Mynd: Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ OMX



Mynd: Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ OMX



Áhrif fjármagnshaftanna og erlendra aðila á verðmyndun á markaði sýndu sig í mars 2012 þegar mikið umrót varð á skuldabréfamarkaði í kjölfar tilkynningar Seðlabanka Íslands um hertar reglur í gjaldeyrismálum. Verð íbúðabréfaflokksins HFF 14 0915 lækkaði strax í kjölfar tilkynningarinnar um 13% en erlendir aðilar höfðu keypt mikið af bréfunum og var ávöxtunarkrafa þeirra neikvæð um tíma. Í árslok 2012 voru 48% allra ríkisvixla og um 24% útgefinna ríkisskuldabréfa í eigu erlendra aðila, en þeir eru fyrirferðarmestir í skemmri flokkunum með allt að 85% hlutdeild á meðan lífeyrissjóðir eru stærstu eigendur lengri tíma bréfa.

Sókn fjármálastofnana inn á skuldabréfamarkað í fjármögnunarskygni sem hófst á fjórða ársfjórðungi 2011 hélt áfram á árinu og nam heildarvelta með skuldabréf fjármálastofnana tæplega 5,1 milljarði króna á tímabilinu. Bréf útgefin af opinberum aðilum (ríki, íbúðalánasjóði og sveitarfélögum) eru þó enn 99% af veltu á skuldabréfamarkaði.


2.3 Lífeyrissmarkaður og verðbréfasjóðir

Lífeyrissmarkaður

Í árslok 2012 voru starfandi 32 lífeyrissjóðir í 82 deildum samtryggingar og séreignar. Af þessum 32 sjóðum tekur einn ekki lengur við iðgjöldum og eru fullstarfandi sjóðir því 31. Fjöldi sjóða sem teljast vera með ábyrgð launagreiðenda er 12 og fjöldi án ábyrgðar er 20. Vörsluaðilar séreignasparnaðar aðrir en lífeyrissjóðir voru 8 í árslok og störfuðu í 35 deildum.

Áætlað er að hrein eign íslenskra lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar hafi aukist umtalsvert á sl. ári eða um nærri 12% og að heildareignir hafi numið rúmlega 2.500 milljörðum króna við árslok 2012 samanborið við 2.230 milljarða miðað við árslok 2011. Aukning samtryggingadeilda var nálægt 14% vegna aukins nettó innstremmis en hlutfallsleg aukning hjá séreignadeildum var heldur minni eða um 10% vegna aukinna útgreiðslna á grundvelli tímabundins bráðabirgðaákvæðis í lögum. Mjög góð ávöxtun á síðasta ári á einnig mikinn þátt í þessari miklu eignaaukningu en samkvæmt fyrstu bráðabirgðatölum er líklegt að vegið meðaltal hreinnar raunávöxtunar lífeyrissjóða verði á bilinu 7-8%. Gera má ráð fyrir að eignir íslenskra lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) nemi um 148%. Líklegt má telja að Ísland verði í efsta sæti á lista OECD sem sýnir stærð sjálfstæðra (e. autonomus) lífeyrissjóða eftir löndum sem hlutfall af VLF. Hafa þarf í huga í þessum samanburði að í mörgum löndum á almenningur umtalsverð réttindi hjá tryggingafélögum í formi ýmissa tegunda lífeyrisafurða og eftirlaunaréttinda hjá fyrirtækjum en slík réttindi koma ekki fram í þessum samanburði.

Mynd: Eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar / VLF




Vegna góðrar ávöxtunar á liðnu ári er ljóst að tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda lífeyrissjóða mun batna, þó að skuldbindingar sjóðanna hafi aukist vegna hækkandi lífaldurs. Niðurstöður tryggingafræðilegra athugana fyrir 2012 liggja ekki fyrir en í árslok 2011 nam tryggingafræðilegur halli á samtryggingadeildum lífeyrissjóðanna um 667 milljörðum króna. Stærstur hluti hallans var meðal sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga eða nálægt 545 milljarðar króna.

Vegna takmarkana á erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða er ljóst að finna þarf fjárfestingaþörf sjóðanna farveg á innlendum verðbréfa- og fasteignamarkaði. Nettó árleg fjárfestingaþörf um þessar mundir


er talin vera um 130 milljarðar króna eða sem nemur inngreiddum iðgjöldum og afborgunum verðbréfa að frádregnum útgreiddum lífeyri. Þetta er umtalsvert fjármagn fyrir íslenska hagkerfið og því mikilvægt að fjárfestingatækifæri séu næg svo ekki skapist ójafnvægi á markaðnum er leitt gæti til bólu myndunar í einstaka eignaflokkum. Fjárfestingar lífeyrissjóðanna í Framtakssjóði Íslands og í nýskráningum á innlendum hlutabréfamarkaði virðast hafa gengið vel á liðnu ári og eiga sinn þátt í bættri ávöxtun sjóðanna. Til að stuðla að dýpri og skilvirkari hlutabréfamarkaði er mikilvægt að fleiri fjárfestar verði virkir á markaðnum og framboð fjárfestingarkosta aukist. Aðstæður á innlendum verðbréfamarkaði og takmarkanir á erlendum fjárfestingum hafa m.a. leitt til þess að verðbréf með ábyrgð ríkisins (ríkisverðbréf) og sveitarfélaga eru um helmingur af eignum samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Varlega má áætla að 2/3 hlutar ríkisverðbréfa séu bréf útgefin af Íbúðalánasjóði. Tölur um skiptingu eigna við árslok 2012 koma fram á mynd a en þar hefur verið „horft í gegnum“ verðbréfasjóði er lúta lögum nr. 128/2011, þ.e. svonefndir UCITS-sjóðir.

Mynd: Sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeilda lífeyrissjóða við árslok 2012.

a) Sundurliðun heildareigna




b) Sundurliðun erlendra eigna




Erlendar eignir samtryggingadeilda við árslok 2012 námu um 530 milljarðar króna eða nálægt 25% af heildareignum. Ávöxtun þessara eigna var mjög góð á liðnu ári vegna hagstæðrar þróunar á erlendum verðbréfamörkuðum og að hluta til vegna veikingar krónunnar. Ef litið er á sundurliðun erlendra eigna á mynd b sést að stærsti eignaflokkurinn eru hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (UCITS-sjóðir). Að langmestu leyti eru undirliggjandi eignir þessara sjóða í hlutabréfum og þá mest í skráðum hlutabréfum. Um 1/3 eigna eru í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta að töluverðu leyti í framtakssjóðum. Samkvæmt framansögðu er því meginhluti erlendra eigna beint og óbeint í hlutabréfum. Áhættudreifing erlendra eigna verður að teljast góð þrátt fyrir hátt vægi hlutabréfa vegna mikillar dreifingar á fjölda útgefenda eftir mörkuðum, atvinnugreinum og löndum.

Mynd: Sundurliðun fjárfestinga séreignasparnaðar við árslok 2012

a) Séreign lífeyrissjóða



b) Vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir



Áætlað er að séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóða hafi við árslok 2012 numið um 236 milljörðum króna og séreignarsparnaður í vörslu annarra aðila en lífeyrissjóða um 140 milljörðum króna. Ef litið er á samsetningu eigna í séreignarsparnaði á vegum lífeyrissjóða, mynd a, er hún nokkuð frábrugðin samsetningu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Eignir séreignarsparnaðar þurfa eðlilega að vera seljanlegar innan skamms tíma vegna rúmra heimilda til úttekta. Athygli vekur hins vegar hversu hátt hlutfall af eignum í séreignasparnaði er í innlánnum hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum eða nálægt 2/3 allra eigna. Stafar þetta líklega af því að minna er um bundna séreign hjá þessum aðilum og því meiri krafa um seljanleika. Vegna bráðabirgðaákvæðis í lögum sem verið hafa í gildi síðastliðin ár hafa einstaklingar getað tekið út eign sína innan tiltekinna marka. Þetta hefur leitt til verulegs útstremmis séreignarsparnaðar, einkum hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum. Þessar útgreiðslur jukust verulega árið 2011 og námu 23 milljörðum króna. Heildarútgreiðslur vegna bráðabirgðaákvæðisins námu um 70 milljörðum króna frá árunum 2009 til 2012.

Með tilkomu leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar, sem útgefin voru í janúar 2013, væntir Fjármálaeftirlitið þess að sjóðirnir vinni markvisst að uppbyggingu áhættustýringar. Vægi lífeyrissjóða í efnahagslegu tilliti eykst stöðugt og er því mikilvægt að hugað sé í ríkara mæli að áhættustýringu og fjárfestingastefnu til lengri tíma litið með hagsmuni sjóðfélaga og efnahagslífsins að leiðarljósi.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir, fagfjárfestasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru tíu talsins í lok árs 2012, sem er aukning um eitt frá fyrra ári. Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem stunda þá meginstarfsemi að annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Félögin starfrækja alls 56 verðbréfasjóði og sjóðsdeildir og 28 fjárfestingarsjóði og sjóðsdeildir. Í lok árs 2012 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, 328 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða rúmum 255 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða rúmum 71 milljarði króna.

Í lok árs 2011 fóru fagfjárfestasjóðir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu standa fagfjárfestum til boða. Í lok árs 2012 voru 47 fagfjárfestasjóðir starfræktir af 10 rekstraraðilum. Heildareignir þeirra námu 288 milljörðum króna en hrein eign var 120 milljarðar króna.



Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum staðfestingu, þ.e. heimild til handa rekstrarfélagi til að starfrækja slíka sjóði. Hvað varðar fagfjárfestasjóði tekur Fjármálaeftirlitið á móti tilkynningum um stofnun slíkra sjóða.

Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um rúma 28 milljarða króna á árinu eða 9,5%. Verðbréfasjóðir stækkuðu um tæpa 7 milljarða króna á árinu eða 2,7%, en fjárfestingarsjóðir um rúman 21 milljarð eða 43,1%. Stækkun fjárfestingarsjóða má að miklu leyti rekja til aukningar í fjárfestingum í hlutabréfum.

Meirihluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eru bundnar í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð Íslenska ríkisins, eða um 73%. Hlutabréf, innlán og verðbréfasjóðir fylgja þar á eftir.

Mynd: Þróun eigna verðbréfa-, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða (í ma.kr.) í lok hvers árs:




2.4 Vátryggingamarkaður

Almennt um vátryggingamarkaðinn

Í árslok 2012 höfðu 13 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Þar af eru fimm félög starfandi á líftryggingamarkaði og fimm félög á skaðatryggingamarkaði, en eitt þeirra, European Risk Insurance Company hf. er ekki með neina starfsemi hér á landi. Þá gera Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. eingöngu upp eldri endurtryggingaskuldbindingar og þá má loks nefna Viðlagatryggingu Íslands sem starfar samkvæmt sérlögum.


Samanlagðar eignir allra vátryggingafélaga hér á landi í lok síðasta árs námu 155 milljörðum króna og hækkuðu um rúma 9 milljarða króna frá fyrra ári. Myndin hér á eftir sýnir þróun í eignum og eignasamsetningu vátryggingafélaga á árunum 2009-2012. Skuldabréfaeign félaganna heldur áfram að aukast og er nú um helmingur eigna þeirra.

Mynd: Eignir og eignasamsetning váttryggingafélaga 2009-2012



Á mynd má sjá samsetningu skuldahliðar efnahagsreikningsins fyrir sama tímabil. Eiginfjárstaðan hefur batnað jafnt og þétt á meðan váttryggingaskuldin hefur staðið nokkurn veginn í stað og hefur virði hennar lækkað miðað við fast verðlag.


Mynd: Skuldir og eigið fé váttryggingafélaga 2009-2012



Rekstur skaðatryggingafélaga

Rekstur skaðatryggingafélaga skilaði góðri afkomu á síðasta ári líkt og undanfarin ár. Samanlagður hagnaður félaganna var um 8 milljarðar króna, samanborið við 4,8 milljarða króna árið á undan. Ekki hafa þó orðið stórar sveiflur í rekstri á milli ára en iðgjaldtekjur jukust og tjónakostnaður lækkaði. Jafnframt jókst hagnaður af fjármálarekstri um 1,5 milljarð króna. Þróun afkomu skaðatryggingafélaga má sjá á mynd hér að neðan. Þar má sjá að allir starfsþættir skila betri afkomu. Þá má einnig sjá að skaðatryggingafélögin greiddu töluvert hærri tekjuskatt en á undanförunum árum.

Mynd: Þróun afkomu skaðatryggingafélaga 2009-2012




Eigið fé skaðatryggingafélaganna hækkaði um 9,8% á milli ára, og var samanlagt rúmlega 43 milljarðar króna í árslok. Í árslok 2012 uppfylltu öll skaðatryggingafélög kröfur um lágmarksgjaldþol samkvæmt lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Rekstur líftryggingafélaga

Undanfarin ár hefur stöðugleiki einkennt rekstur líftryggingafélaga. Öfugt við skaðatryggingafélögin hefur hagnaður þeirra þó dregist lítillega saman á milli ára. Eins og sjá má á mynd hér á eftir verða helst sveiflur í hagnaði af fjármálarekstri, en minnkandi hagnað af líftryggingarekstri má einnig skýra með minnkandi fjárfestingartekjum tengdum þeirri starfsemi, þ.e. af þeim fjárfestingartekjum sem rekja má til váttryggingaskuldar.

Mynd: Þróun afkomu líftryggingafélaga 2009-2012



Eigið fé líftryggingafélaganna hækkaði um 2,1% á milli ára og er nú 6,4 milljarðar króna. Í árslok 2012 uppfylltu öll líftryggingafélögin kröfur laganna um lágmarksgjaldþol. Samanlagðar arðgreiðslur líftryggingafélaganna til eigenda sinna vegna ársins 2011 námu 1,3 milljarði króna á síðasta ári.

3 Annáll ársins

3.1 Helstu atburðir júlí 2012 – apríl 2013

Fjármálaeftirlitið fjallar um stöðu lífeyrissjóðanna 2011

Fjármálaeftirlitið fór yfir stöðu lífeyrissjóðanna 2011 á fjölmiðlafundi sem boðað var til í byrjun júlí 2012. Fjallað var almennt um lífeyrismarkaðinn 2011 og farið sérstaklega yfir stöðu fimm stærstu lífeyrissjóðanna. Enn fremur var rætt um tryggingafræðilega stöðu íslenskra lífeyrissjóða og stöðu þeirra í alþjóðlegum samanburði.

Unnur Gunnarsdóttir ráðin forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir, sem verið hafði settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2012, var ráðin forstjóri Fjármálaeftirlitsins í júlíbyrjun 2012. Unnur er lögfræðingur frá Háskóla Íslands, stundaði framhaldsnám í lögum bæði í Englandi og Kanada. Hún gegndi áður starfi yfirlögfræðings Fjármálaeftirlitsins.

Reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða

Sagt var frá því í júlíbyrjun 2012 á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að eftirlitið hefði sett reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Voru þær birtar í vefútgáfu stjórntíðinda sem reglur nr. 577/2012. Þær er einnig að finna á vef Fjármálaeftirlitsins.

Aðilar sem stunda vörslusviptingar þurfa að sækja um innheimtuleyfi

Sagt var frá breytingu á innheimtulögum á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins 12. júlí 2012 í þá veru að vörslusviptingum var bætt við skilgreiningu laganna á innheimtu og aðilum sem stunda vörslusviptingar bætt við skilgreiningu laganna á innheimtuaðilum. Við gildistöku laganna varð þeim aðilum sem stunda vörslusviptingar í tengslum við frum- og milliinnheimtu skylt að sækja um innheimtuleyfi til Fjármálaeftirlitsins en samkvæmt innheimtulögum er fruminnheimta innheimtuviðvörðun og milliinnheimta þær innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun og áður en löginnheimta hefst.

Fjármálafyrirtæki birta nú öll upplýsingar um nöfn eigenda og hlutfallslegt eignarhald

Fjármálaeftirlitið benti á það í frétt 12. júlí 2012 að svohljóðandi ákvæði hefði verið bætt í 4. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki: „Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.“

Athugasemd Fjármálaeftirlitsins í tilefni umfjöllunar um björgun Sjóvár

Fjármálaeftirlitið gerði hinn 13. ágúst 2012 athugasemdir við fréttáflutning Stöðvar tvö og Bylgjunnar dagana á undan þar sem fjallað var um tap íslenska ríkisins af björgun Sjóvár árið 2009. Sagt var annars vegar að Fjármálaeftirlitið hefði gert kröfu um að Sjóvá yrði bjargað og hins vegar að Fjármálaeftirlitið hefði lagt á það ríka áherslu. Þessu var hafnað í fréttinni og meðal annars sagt að:

„Hið sanna er að Fjármálaeftirlitið veitti stjórnvöldum, meðal annars forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðuneytinu upplýsingar um stöðu málsins, fjárhagsstöðu aðila, réttarstöðu viðskiptavina við gjaldþrot og fleira en undirstrikaði að það væri pólitísk ákvörðun hvort ríkissjóður kæmi að björgun félagsins. Fjármálaeftirlitið gerði ekki kröfu um að Sjóvá yrði bjargað enda ekki hlutverk þess. Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemd við þá ákvörðun ríkissjóðs að koma Sjóvá til aðstoðar að teknu tilliti til hagsmuna viðskiptavina félagsins þ.á m. tjónþola og fjármálamarkaðarins hér á landi.“

Það er einnig rangt sem staðhæft er í frétt Stöðvar 2 að önnur váttryggingafélög hafi boðist til að yfirtaka váttryggingastofna Sjóvá. Þau létu ekki reyna á slíkan möguleika formlega en til þess hefðu þau vitanlega þurft verulegan fjárhagslegan styrk.“

Breytingar í stjórn Fjármálaeftirlitsins

Áttunda ágúst 2012 var sagt frá því að þær breytingar hefðu orðið í stjórn Fjármálaeftirlitsins að Valgerður Rún Benediktisdóttir, skrifstofustjóri, hefði tekið sæti í stjórn stofnunarinnar í stað Ingibjargar Þorsteinsdóttur sem hefði fengið tímabundið leyfi frá setu í stjórninni. Væri Valgerður Rún skipuð tímabundið frá 1. júlí til 1. nóvember 2012. Þá hefði Margrét Einarsdóttir, lektor, verið skipuð varamaður í stjórn Fjármálaeftirlitsins í stað Sigurðar Þórðarsonar en skipun Margrétar gildir frá 1. júlí 2012 til 30. desember 2014.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja 2011

Fjármálaeftirlitið birti 24. september 2012 skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2011 hjá fjármálafyrirtækjum ásamt ýmsum samandregnum upplýsingum um viðskiptabanka, sparisjóði, lánaþyrntæki (einu nafni lánastofnanir), verðbréfaþyrntæki, verðbréfamíðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða auk verðbréfa- og fjárfestingasjóða.

Þriðja tölublað Fjármála kemur út

Þriðja tölublað Fjármála, vefrits Fjármálaeftirlitsins kom út 10. október 2012. Í blaðinu skrifuðu þeir Skúli Magnússon og Hjálmur Nordal grein um tímabundna starfsemi fjármálafyrirtækja í óskyldum rekstri en verulegur árangur hafði náðst í að draga úr slíkri starfsemi. Valdimar Þorkelsson skrifaði greinina: Hvað er lýsing og hvernig spurningum getur hún svarað? Þriðja og síðasta grein blaðsins var svo greinin: Endurbætur í skipulagi og starfsemi Fjármálaeftirlitsins og breytingar á lagaumgjörð á fjármálamarkaði frá hausti 2008 eftir Ragnar Hafliðason.

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins 2012

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins 2012 var haldinn 24. október í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs. Þar töluðu Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Charlotte Sickermann, hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Nýjar reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í váttryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum

Nýjar reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í váttryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum voru settar af Fjármálaeftirlitinu í október 2012. Þar var skerpt á þeim sjónarmiðum og viðmiðum sem Fjármálaeftirlitið leggur til grundvallar við mat á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna viðeigandi fjármálastofnana. Reglurnar voru meðal annars settar til þess að bregðast við ákvörðun Persónuverndar sem laut að þessum þáttum.

Niðurstöður athugunar á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. hjá Straumi fjárfestingabanka hf. og Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið birti hinn 15. nóvember 2012 niðurstöður athugunar á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. sem fram fór dagana 23. til 25. október 2012, á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga nr. 108/2007, um verðbréfaþyrntæki. Athuginin beindist eingöngu að framkvæmd hins lokaða útboðs. Almennt (opið) útboð á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. fór fram dagana 30. október til 2. nóvember 2012. Fjármálaeftirlitið fann ekki dæmi þess að viðskipti hefðu verið framkvæmd á grundvelli innherjaupplýsinga.

Athugun á því hvort Verðbréfasráning Íslands hf. og verðbréfauppgjörsumhverfið á Íslandi uppfylli tilmæli um öryggi verðbréfauppgjörs

Veturinn 2011-2012 gerði Fjármálaeftirlitið í samvinnu við Seðlabanka Íslands athugun á uppgjörsumhverfinu á Íslandi og uppgjörskerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. Í athuguninni var skoðað hvort uppgjörsumhverfið á Íslandi og verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfasráningar uppfyllti skilyrði tilmæla Evrópska Seðlabankans og CESR (samtök evrópskra verðbréfaeftirlita) frá árinu 2009 (e. recommendations for securities settlement systems). Samandregnar upplýsingar voru birtar sem viðhengi við frétt um athuginina þann 23. nóvember 2012.

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlitið gaf hinn 12. desember 2012 út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2012 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Í umsagnarferli tilmælanna bárust u.þ.b. 84 athugasemdir frá mismunandi aðilum og var fallist á u.þ.b. 41 þeirra í heild eða að hluta. Í kjölfar yfirferðar athugasemdanna voru uppfærð drög að tilmælunum lögð fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 28. nóvember sl. og samþykkt þar sem leiðbeinandi tilmæli um rekstur upplýsingakerfa nr. 1/2012. Tilmælin voru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Nýjar reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja ásamt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd reglnanna

Í frétt þann 14. desember 2012 var sagt frá því að fyrr í mánuðinum hefðu nýjar reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 verið birtar á vef Stjórnartíðinda. Samhliða birtingu reglnanna gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2012 um framkvæmd þeirra. Tilmælin voru gefin út til að veita þátttakendum á verðbréfamarkaði almennar leiðbeiningar við einstök ákvæði reglnanna til nánari skýringar á þeim lágmarkskröfum sem þær gera um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í tilmælunum eru helstu ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er varða viðfangsefnið reifuð og almennt fjallað um tilgang þeirra reglna sem um efnið gilda.

Fjórða tölublað Fjármála

Fjórða tölublað, Fjármála, vefrits Fjármálaeftirlitsins, kom út 19. desember 2012. Í blaðinu voru fjórar greinar eftir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins. Björn Z. Ásgrímsson skrifaði um íslenska lífeyrissjóði í alþjóðlegum samanburði miðað við árslok 2011, Sigurveig Guðmundsdóttir fjallaði um gagnsæistilkynningar Fjármálaeftirlitsins og Guðmundur Örn Jónsson sagði frá Skuldbindingaskrá sem Fjármálaeftirlitið vinnur nú að uppbyggingu á. Að lokum fjallaði Helga Rut Eysteinsdóttir um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Námskeið um sundurliðun fjárfestinga fyrir lífeyrissjóði og vörsluaðila séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið stóð hinn 17. janúar 2013 fyrir námskeiði sem ætlað var fyrir starfsmenn lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar. Á námskeiðinu var meðal annars farið yfir nýtt skipulag Fjármálaeftirlitsins, rafræn skýrsluskil og útfyllingu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga, fjárfestingaheimildir, flokkun fjárfestinga, nýjar túlkanir Fjármálaeftirlitsins sem snúa að lögum nr. 129/1997 og fleira. Stuttu síðar var haldið námskeið um útfyllingu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Fjármálaeftirlitið lýkur rannsóknnum á málum tengdum bankahruninu

Fjármálaeftirlitið hélt hinn 14. febrúar 2013 fjölmiðlafund í tilefni þess að stofnunin hafði lokið rannsóknnum á málum tengdum bankahruninu. Á fundinum fóru Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Sigurveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri vettvangs- og verðbréfaeftirlits Fjármálaeftirlitsins meðal annars yfir fjölda mála sem voru rannsökuð, hve mörg voru kærð til

embættis sérstaks saksóknara, hve mörgum var vísað þangað og hve mörgum var lokað án frekari aðgerða. Þær sögðu einnig frá skiptingu helstu brota og lýstu almennum dæmum um brot.

Athugun á hvort líftryggingafélög uppfylla upplýsingaskyldu sína skv. 65. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt í febrúarlok 2013 að stofnunin hefði nýlega framkvæmt úttekt á því hvernig líftryggingafélög veittu viðskiptamönnum sínum þær upplýsingar sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í ákvæðinu er talið upp með ítarlegum hætti hvaða upplýsingar beri að veita áður en líftryggingarsamningur er gerður og á meðan samningssamband varir. Þær kröfur eru gerðar að upplýsingarnar séu veittar skriflega og á skýran og skiljanlegan máta. Gagnsæistilkynning sem rakti niðurstöður könnunarinnar birtist einnig á vef Fjármálaeftirlitsins.

Reglur um framkvæmd hæfismats hjá lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði

Fjármálaeftirlitið sagði frá því fyrsta mars 2013 að stofnunin hefði sett tvennar nýjar reglur um framkvæmd hæfismats. Annars vegar reglur nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða og hins vegar reglur nr. 181/2013 um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs. Báðar reglurnar voru samþykktar af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 6. febrúar sl. og birtar í Stjórnartíðindum 27. febrúar 2013.

Nýtt eintak Fjármála komið út

Nýtt eintak Fjármála, vefrits Fjármálaeftirlitsins, kom út 25. mars 2013. Meðal efnis var greinin: Hefur Ísland náð ásættanlegum árangri við úrvinnslu útlána í vanskilum? eftir Stefán Þór Björnsson. Enn fremur var í blaðinu grein sem nefndist Neytendavernd á fjármálamarkaði sem skrifuð var af þeim G. Áslaugu Jósepsdóttur og Valdimar Gunnari Hjartarsyni. Til viðbótar þessu fjallaði Elvar Guðmundsson um birtingu á niðurstöðum á eiginfjárkröfum samkvæmt SREP. Enn fremur fjallaði Rúnar Guðmundsson um fjölgun málskota til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum en hann er formaður úrskurðarnefndarinnar. Þá var í blaðinu stutt viðtal við Unni Gunnarsdóttur, forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Dómur í máli Stapa lífeyrissjóðs gegn Fjármálaeftirlitinu

Fjármálaeftirlitið sagði í lok mars 2013 frá því á vef sínum að Héraðsdómur Reykjavíkur hefði kveðið upp dóm í máli Stapa lífeyrissjóðs gegn Fjármálaeftirlitinu um umframeftirlitsgjald vegna mats á hæfi stjórnarmanna Stapa. Niðurstaða dómsins var að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um umframeftirlitsgjald var felld úr gildi.

Fjármálaeftirlitið sendir lánastofnunum tilmæli vegna endurútreiknings gengislána

Fjármálaeftirlitið sendi um miðjan apríl 2013 tilmæli til lánastofnana, slitastjórna fjármálafyrirtækja og dótturfélaga þeirra af því tilefni að endurútreikningur færi fram í annað sinn á lánum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla. Fjármálaeftirlitið beindi því til lánastofnananna að þær sendu lántakendum sem þær teldu að væru með lögleg erlend lán bréf þar sem rökstutt yrði á hvaða forsendum sú niðurstaða væri byggð. Fjármálaeftirlitið mæltist einnig til þess að í bréfinu kæmu fram upplýsingar um þau úrræði sem viðskiptavinir gætu gripið til vildu þeir ekki una niðurstöðu fyrirtækisins.

Skuldsett hlutabréfakaup eru áhættusöm

Fjármálaeftirlitið setti ábendingu á vef sinn í kjölfar fréttar um vaxandi ásókn fjárfesta í skuldsett hlutabréfakaup sem birtist í Morgunblaðinu þann 16. apríl 2013. Fjármálaeftirlitið vildi með þessum hætti vekja sérstaka athygli almennra fjárfesta á þeirri áhættu sem fylgdi slíkum viðskiptum. Bent

var á að skuldsett hlutabréfakaup, þar sem fjárfestir leggur einungis fram hluta kaupverðsins, væru í eðli sínu mjög áhættusöm og til þess fallin að auka sveiflur í ávöxtun, hvort sem er til hagnaðar eða taps. Fjárfestingin getur á endanum kostað fjárfesta fjármuni sem þeir hafa ekki efni á að tapa. Fjármálaeftirlitið benti á að fjármagnshöft og það fjárfestingarumhverfi sem nú ríkir á Íslandi veiti enga vissu um jákvæða ávöxtun hlutabréfa. Öllum fjárfestingum, þar með talið fjárfestingum í hlutabréfum, fylgi áhætta og fjárfestar eigi ávallt á hættu að tapa fjármunum sínum að hluta til eða að fullu.

Auglýst eftir aðstoðarforstjóra

Fjármálaeftirlitið auglýsti 19. apríl 2013 eftir aðstoðarforstjóra til að koma að uppbyggingu eftirlitsins og vera leiðandi, ásamt forstjóra, í starfi Fjármálaeftirlitsins varðandi fjármálastöðugleika og við stefnumörkun almenns eftirlits á fjármálamarkaði. Starfið er nýtt í núverandi skipulagi og er aðstoðarforstjóri staðgengill forstjóra í hans fjarveru.

Fræðslufundur Fjármálaeftirlitsins um innherja og innherjaupplýsingar í stjórnsýslunni

Fjármálaeftirlitið efndi til fræðslufundar um innherja og innherjaupplýsingar í stjórnsýslunni 23. apríl 2013. Fyrirlesarar voru Inga Dröfn Benediktsdóttir og Harald Björnsson, starfsmenn vettvangs- og verðbréfaeftirlits Fjármálaeftirlitsins. Fundinn sóttu aðilar frá Seðlabankanum, Íbúðalánasjóði, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og fleiri stofnunum stjórnsýslunnar. Á fundinum var fjallað um reglur Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og leiðbeinandi tilmæli um framkvæmd reglnanna og snertifleti þeirra við starfsmenn og starfsemi stjórnvalda.

Fjármáleftirlitið birti eftirtaldar ákvarðanir og gagnsæistilkynningar á tímabilinu

1. júlí 2012 til 30. apríl 2013

2. júlí 2012 Gagnsæistilkynning vegna staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á virkum eignarhlut Varðar trygginga hf. í Verði líftryggingum hf.

12. júlí 2012 Niðurstaða athugunar á verklagi Arion banka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar

17. ágúst 2012 Gagnsæistilkynning vegna staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á virkum eignarhlut Vátryggingafélags Íslands hf. í Líftryggingafélagi Íslands hf.

1. okt. 2012 Tilkynning um endurútgæfið starfsleyfi Jökla-Verðbréfa hf.

17. okt. 2012 Niðurstöður vettvangsathugunar vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka hf.

18. okt. 2012 Niðurstaða athugunar á verklagi Straums fjárfestingabanka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar

25. okt. 2012 Niðurstaða athugunar á stöðu og starfsemi innri endurskoðunar hjá viðskiptabönkunum

6. nóv. 2012 Niðurstöður vettvangsathugunar á útlánasafni Arion banka hf.

9. nóv. 2012 Niðurstöður athugunar á verklagi Arion banka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar

13. nóv. 2012 Niðurstaða athugunar á starfsemi Júpíters rekstrarfélags hf.

15. nóv. 2012 Niðurstöður athugunar á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. hjá Straumi fjárfestingabanka hf. og Íslandsbanka hf.

21. nóv. 2012 Gagnsæistilkynning vegna athugunar á starfsháttum Dróma hf.

26. nóv. 2012 Gagnsæistilkynning vegna athugunar á starfsháttum Lýsingar hf.

29. nóv. 2012 Gagnsæistilkynning vegna athugunar á starfsháttum Arion banka hf. í tengslum við B. M. Vallá hf.

11. des. 2012 Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Arion banka hf.

11. des. 2012 Niðurstaða athugunar á fjárfestingum og fjárfestingarákvörðunum hjá Lífeyrissjóði bankamanna

11. des. 2012 Fjármálaeftirlitið hefur metið Sigurð Kristin Egilsson hæfan til að fara með virkan eignarhlut í ALM Fjármálaráðgjöf

18. des. 2012 Kaup framkvæmdastjóra á bifreið í eigu Sameinaða lífeyrissjóðsins

18. des. 2012 Tilkynning um einhliða frávikningu stjórnarmanns eftirlitsskylds aðila

7. jan. 2013 Niðurstaða athugunar á starfsemi Stafa lífeyrissjóðs

4. feb. 2013 Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.

25. feb. 2013 Niðurstaða athugunar vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa Arion banka hf.

27. feb. 2013 Athugun á hvort líftryggingafélög uppfylla upplýsingaskyldu sína skv. 65. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga

6. mars 2013 Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.

20. mars 2013 Eftirfylgni vegna athugunar á starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga

26. mars 2013 Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Landsbankanum hf.

8. apr. 2013 Niðurstaða heildarathugunar hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

8. apr. 2013 Ráðstafanir Júpíters rekstrarfélags hf. í kjölfar athugunar Fjármálaeftirlitsins á starfsemi félagsins

10. apr. 2013 Eftirfylgni vegna athugunar á verklagi Straums fjárfestingabanka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar

26. apr. 2013 Eftirfylgni vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á starfsemi Lífeyrissjóðs bankamanna

4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti FME

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2007	2008	2009
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>				
Viðskiptabankar		5	6	4
Sparisjóðir		20	16	14
Lánafyrirtæki		12	12	11
Íbúðalánasjóður		1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		9	9	9
Verðbréfamiðlanir		3	4	3
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	7	7	8
Fagfjárfestingsjóðir - lögaðilar				
Kauphallir		1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1
Lífeyrissjóðir	2)	37	37	37
Vátryggingafélög		13	13	13
Vátryggingamiðlanir		7	6	6
Aðilar með innheimtuleyfi				4
Greiðslustofnanir				
Tryggingarsjóðir		2	2	2
<i>Samtals</i>		<i>119</i>	<i>116</i>	<i>115</i>
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>				
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	38	38	41
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	54	54	30
Fagfjárfestingsjóðir (ekki lögaðilar)	3)			
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	10	11	24
Útgefendur skráðra hlutabréfa		31	17	13
Útgefendur skráðra skuldabréfa		95	84	64
Umboðsaðili erlendrar greiðslustofnunar				
Eignarhaldsfélög	5)	2	2	6
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð			3	10
Alls		333	325	304

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Að frátöldum tveimur erlendum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar eru aðilar hér taldir einnig meðtaldir í fjöldatölum aðila ofar í töflunni.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og nr. 56/2010, í lok hvers árs. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2010	2011	2012
<i>Starfsleyfis skyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>				
Viðskiptabankar		5	5	4
Sparisjóðir		12	10	9
Lánafyrirtæki		8	8	6
Íbúðalánasjóður		1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		12	13	11
Verðbréfamiðlanir		3	2	2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	8	9	10
Fagfjárfestisjóðir - lögaðilar			3	4
Kauphallir		1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1
Lífeyrissjóðir	2)	33	33	32
Vátryggingafélög		13	13	13
Vátryggingamiðlanir		6	6	11
Aðilar með innheimtuleyfi		6	4	4
Greiðslustofnanir				1
Tryggingarsjóðir		2	2	2
<i>Samtals</i>		<i>112</i>	<i>112</i>	<i>113</i>
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>				
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	49	56	56
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	21	24	28
Fagfjárfestisjóðir (ekki lögaðilar)	3)		28	43
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	19	18	15
Útgefendur skráðra hlutabréfa		11	12	15
Útgefendur skráðra skuldabréfa		49	47	49
Umboðsaðili erlendrar greiðslustofnunar				1
Eignarhaldsfélög	5)	6	7	12
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		13	11	14
Alls		281	299	346

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

	30/6/09	30/6/10	30/6/11	31/12/12
Erlendir bankar án starfsstöðvar	218	225	222	224
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	50 (350)	47 (313)	47 (367)	53 (352)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	1.878	1.995	2.113	2.020
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	439	384	405	377
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	4.654	5.025	5.158	4.990



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2013

Katrínartúni 2 / 105 Reykjavík / Sími: 520 3700 / Símréf: 520 3727 / Tölvupóstur: fme@fme.is / www.fme.is